



## Fundargerð

**Stjórn VJP - 131. fundur stjórnar VJP haldinn í Skaftafelli og á fjarfundi,  
24. júní 2019, kl. 14:00.**

### Fundinn sátu:

Guðrún Áslaug Jónsdóttir formaður, Björn Ingi Jónsson aðalmaður, Óli Halldórsson aðalmaður, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir aðalmaður, Matthildur Þorsteinsdóttir fulltrúi ferðaþjónustunnar, Snorri Ingimarsson fulltrúi útivistarféлага, Sævar Þór Halldórsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Magnús Guðmundsson framkvæmdastjóri, Ingibjörg Smáradóttir embættismaður og Helga Árnadóttir þjóðgarðsvörður.

**1. Svæðisráð suðursvæðis - 68 - 1905001F**

*Formaður suðursvæðis fór yfir málefni suðursvæðis.*

**2. Svæðisráð suðursvæðis - 69 - 1905003F**

Formaður suðursvæðis fór yfir málefni suðursvæðis

**3. Svæðisráð norðursvæðis - 60 - 1906001F**

*Formaður norðursvæðis fór yfir málefni norðursvæðis. Stjórn tekur undir bókun norðursvæðis um miðhálandisþjóðgarðs og felur skrifstofu þjóðgarðsins um að skila inn umsögn svæðisráðs norðursvæðis. Stjórn beinir því til svæðisráða að kynna sér verkefnið um miðhálandisþjóðgarð.*

**4. Svæðisráð vestursvæðis - 74 - 1904004F**

*Formaður vestursvæðis fór yfir málefni vestursvæðis*

**5. Stjórnunar og verndaráætlun Krepputungu og Kverkárrani - 1902008**

Fyrir fundinum lá tillaga frá svæðisráði austursvæðis vegna viðkaupa v/S&V um Krepputungu og Kverkárrana

*Stjórn samþykkir tillöguna og óskar eftir að framkvæmdastjóri sendi hana umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til umfjöllunar samkvæmt lögum um þjóðgarðinn.*

**6. Hornafjörður - Umsögn aðalskipulagsbreyting - Skaftafell III og IV - 201709489 - 1905012**

Fyrir fundinum lá tillaga um breytingu á Aðalskipulagi Hornafjarðar í Skaftafelli

*Stjórn tekur undir umsögn svæðisráðs suðursvæðis frá 19. maí sl. vegna fyrirhugaðrar aðalskipulagsbreytingar á Skaftafelli III og IV. Stjórn ítrekar að fara þurfi varlega við hvers konar uppbyggingu í ljósi sérstöðu svæðisins. Bent er á að um mikið byggingarmagn er að ræða og taka þarf tillit til sjónrænna áhrifa frá þjóðgarðinum í Skaftafelli og af þjóðvegi. Þjóðgarðsvörður fór yfir málin með stjórn. Stjórn felur þjóðgarðsverði að vinna málið áfram og senda umsögn um skipulagstillöguna til Sveitarfélagsins Hornafjarðar.*

**7. Tröllaferðir - beiðni um endurskoðun ákvörðunar - 1905029**

Fyrir fundinum lá beiðni um endurskoðun ákvörðunar VJP

Ekki hefur orðið breyting á stöðu mála við Jökulsárlón frá því að fyrri umsókn var afgreidd. Eins og fram kemur í fyrri bókun við afgreiðslu umsóknar þá er vinna við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið hafin og verður kynnt í lok þessa árs. Unnið er að deiliskipulagsgerð sem er að fara í opið kynningarferli. Atvinnustefna hefur verið í samráðsferli og er að koma fram. Vinna við þessi stjórnæki er því í fullum gangi. Núverandi athafnasvæði er þröngt og býður ekki upp á frekari atvinnustarfsemi nema með röskun út fyrir núverandi athafnasvæði.

Í ljósi þessa getur stjórn ekki mælt með að veitt sé leyfi fyrir frekari starfsemi á svæðinu eins og fram kemur í bókun stjórnar frá 12.7.2018. Stjórn ítrekar því fyrri afgreiðslu þessa máls og fellst ekki á beiðni um endurskoðun ákvörðunar.

## 8. Atvinnustefna - 1709017

Fyrir fundinum lágu lokadrög að atvinnustefnu VJB

Stjórn samþykkir fyrstu útgáfu atvinnustefnu Vatnajökulspjóðgarðs og felur framkvæmdastjóra að fylgja innleiðingu hennar eftir m.a. í samráði við umhverfis- og auðlindaráðuneytið sem mun gefa út reglugerð í tengslum við atvinnustefnuna. Um er að ræða fyrstu útgáfu atvinnustefnu sem verður þróuð áfram í samráði við hagsmunaaðila.

## 9. Vonarskarð - 1709013

Framkvæmdaráð kynnir tillögu um næstu skref

Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu vinnuhóps um Vonarskarð:

"Á fundi þann 8. apríl 2019 fól stjórn Vatnajökulspjóðgarðs formanni svæðisráðs vestursvæðis í samráði við framkvæmdaráð (hér eftir nefndur vinnuhópur) að leggja fram lausnarmiðaða áætlun um málefni Vonarskarðs þar sem staðið hafa deilur um árabíl vegna lokunar fyrir akstur vélknúinna ökutækja. Vinnuhópurinn var stofnaður eftir að svæðisráð vestursvæðis hafði að beiðni stjórnar fjallað um málið þann 22. febrúar og 6. mars 2019 og komist að þeirri niðurstöðu að umferð vélknúinna ökutækja í gegnum Vonarskarð verði áfram óheimil milli Svarthöfða og Gjóstuklifs nema á frosinni og snæviþakinni jörð.

Tilfni þess að stjórn Vatnajökulspjóðgarðs tók málefni Vonarskarða upp í febrúar 2019 eru tilmæli í bréfi frá umhverfis- og auðlindaráðherra frá 12. júní 2013. Þessum tilmælum hefur ekki verið svarað af stjórn með formlegum hætti. Með bréfinu staðfesti ráðherra breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs samhliða því að koma með tilmæli til stjórnar vegna Vonarskarðs. Í bréfi ráðherra segir orðrétt um Vonarskarð:

"Tilmæli um nánari skoðun

Líkt og við afgreiðslu á stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins 2011 vill ráðherra beina þeim tilmælum til stjórnar þjóðgarðsins um frekari skoðun á ákveðnum atriðum, samtímis því að staðfesta áætlunina. Í þessu tilviki eru það málefni útivistar og náttúruverndar í Vonarskarði, þar sem fram hafa komið tillögur að breytingum sem kalla á umræður og ítarlega yfirferð. Ráðuneytið beinir þeim tilmælum til stjórnar þjóðgarðsins að skoða þetta sérstaklega og hafa samstarf við helstu hagsmuna- og umsagnaraðilar um málefni Vonarskarðs í því skyni að tryggja að sem best sé haldið á hagsmunum náttúruverndar og útivistar. Þannig vill ráðuneytið halda áfram þeirri viðleitni að skapa sem mesta sátt um þjóðgarðinn.

Einnig koma fram tilmæli í bréfi ráðherra vegna nýrra ákvæða í stjórnunar- og verndaráætlun um að opna aðgengi að Vonarskarði fyrir hestaumferð. Í bréfinu segir orðrétt um þetta: "Því er mikilvægt að þessu ákvæði verði fylgt eftir með greinargóðum leiðbeiningum um það hvar sú umferð geti farið um svæðið, án þess að valda spjöllum á viðkvæmum gróðri og hverasvæðum."

Þá er vikið að því í bréfi ráðherra hvort breyta eigi verndarflokkun á svæðum í Vonarskarði til að tryggja enn frekar verndun viðkvæmra svæða.

Vinnuhópurinn hefur farið yfir þau skjöl sem fyrir liggja í málinu auk þess sem leitað var eftir lögfræðilíti. Það er niðurstaða hópsins á grundvelli framangreinds að framsetning efnislegra raka og formlegt samráð hefði getað verið markvissara þótt fulltrúar hagsmunaaðila hafi haft aðgang að því að koma sínum sjónarmiðum að bæði í svæðisráði og stjórn Vatnajökulspjóðgarðs. Einnig að eðlilegt væri að leita eftir álitum þeirra aðila sem eru umsagnaraðilar um stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins og jafnvel fleiri fagaðila. Því leggur starfshópurinn til að bætt verði úr þessu til að taka af allan vafa um að öll mikilvæg sjónarmið hafi komið fram. Leitað verði eftir umsögnum frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun um Vonarskarð (og mögulega frá fleiri stofnunum s.s. Skipulagsstofnun). Þegar álit fagaðila liggja fyrir verði sett af stað samráðsferli við helstu hagsmunaaðila s.s. sveitarfélög og félög á sviði útivistar og náttúruverndar. Á grundvelli álits fagaðila og hagsmunaaðila verði tekin ákvörðun um framtíðarskipan mála svæðisins í Vonarskarði.

Vinnuhópurinn leggur til að svæðisráði vestursvæðis verði falið að hafa forystu um vinnuna og óska umsagna frá fagstofnunum og leiða framanreint samráð í samvinnu við framkvæmdastjóra og stjórn Vatnajökulspjóðgarðs. Einnig verði svæðisráði vestur falið að láta útbúa leiðbeiningar um hestaumferð um Vonarskarð.

Á meðan á framangreindri vinnu við umsagnir og samráð stendur verði staðan óbreytt þ.e. umferð vélknúinna ökutækja í gegnum Vonarskarð verði óheimil milli Svarthöfða og Gjóstuklifs nema á frosinni og snævipakinni jörð.

Að lokum gerir vinnuhópurinn það að tillögu sinni að formaður stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs riti umhverfis- og auðlindaráðherra hið fyrsta bréf og upplýsi um framangreint ferli".

Stjórn samþykkir tillögur vinnuhópsins og felur formanni svæðisráðs vestur í samráði við stjórn og framkvæmdastjóra að fylgja henni eftir.

#### **10. FÍ og VJP - viljayfirlýsing um samstarf inna þjóðgarðs - 1906005**

Drög að viljayfirlýsingu FÍ og VJP um samstarf

Stjórn tekur undir það sem fram kemur í viljayfirlýsingunni og leggur góða áherslu á gott samstarfi við Ferðafélag Íslands. Framkvæmdastjóra falið að undirrita viljayfirlýsinguna f.h. Vatnajökulspjóðgarðs og fylgja málinu eftir.

#### **11. Suðursvæði-Ferjuflug með þyrllu - 1811010**

Fyrir lá beiðni um ferjuflug innan þjóðgarðs

Stjórn felur framkvæmdastjóra og þjóðgarðsverði að vinna málið áfram og leita umsagnar Samgöngustofu sem fer með löggjöf um loftferðir á Íslandi.

#### **12. FFF - Undanþága Fire and Ice - alþjóðlegt hlaup - 1904020**

Fyrir fundinum lágu skjöl vegna álitaefna um leyfisveitingar og undanþágur

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

#### **13. Rekstraráætlun 2019 - 1809004**

Endurskoðuð rekstraráætlun 2019

Framkvæmdastjóri kynnti stöðuna í rekstrinum sem er í jafnvægi.

#### **14. Mannvirkja og gæðafulltrúi VJP - 1905021**

Kynning á auglýsingu um ráðningu mannvirkja- og gæðafulltrúa

*Stjórn fagnar áformum um að auglýsa starf mannvirkja og gæðafulltrúa, sérstaklega í tengslum við verkefni sem tengjast Innviðasjóði. Stjórn leggur áherslu á að starfinu verði sinnt frá einhverri af meginstarfsstöð þjóðgarðsins á landsbyggðinni.*

**15. Starfslýsing framkvæmdastjóra og þjóðgarðsvarða - 1905024**

Fyrir fundinum lágu drög að starfslýsingum framkvæmdastjóra og þjóðgarðsvarða til samþykktar

*Drög að starfslýsingu framkvæmdastjóra og þjóðgarðsvarðar lögð fram til kynningar. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.*

**16. Burðarþolsrannsóknir innan VJP - 1905022**

Umræður um burðarþol svæða

*Stjórn óskar eftir að fá inn á fund fræðslu og/eða kynningu um burðarþols- og upplifunarrannsóknir á ferðamannastöðum.*

**17. Gjaldtaka innan Vatnajökulsþjóðgarðs - 1905020**

Fyrir fundinum lá hvort eigi að gjaldtaka eigi á fleiri svæðum innan VJP

*Umræður voru um hvort setja eigi þjónustugjöld á fleiri svæði en í Skaftafelli. Stjórn felur framkvæmdastjóra að koma með tillögur að forsendum þjónustugjalda.*

**18. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006**

Framkvæmdastjóri fer yfir mál frá síðasta stjórnarfund

**Fundargerð ritaði:** Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 17:00.